

Stefán Árni Auðólfsson

From: hermann.saemundsson@fel.stjr.is
Sent: 9. desember 2003 17:29
To: Hjálmar Árnason
Cc: Stefán Árni Auðólfsson
Subject: Breytingartillögur frá félagsmálaráðherra

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/575
komudagur 9. 12. 2003

Formaður félagsmálanefndar Alþingis
Hr. Hjálmar Árnason

Varðar frumvarp félagsmálaráðherra um beytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Hér kemur niðurstaða frá fundi sem félagsmálaráðherra átti á fundi með fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva, Arnari Sigurmundssyni og fulltrúa frá matvælasviði Starfsgreinasambands Íslands, Aðalsteini Baldurssyni, nú síðdegis:

"Á fundi félagsmálaráðherra með fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva og fulltrúa frá matvælasviði Starfsgreinasambands Íslands var eftirfarandi ákveðið:

Félagsmálaráðherra mun beita sér fyrir því að fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufólks, nr. 51/1995 taki eftirfarandi breytingum:

1. Að b liður frumvarpsins breytist og hljóði svo:

3. mgr. orðast svo: Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu þremur dögum á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.

2. Að í d lið 1. gr. frumvarpsins komi "45 greiðsludaga" í stað "30 greiðsludaga"

Að þessu gefnu munu ofangreindir aðilar vinnumarkaðarins ekki gera frekari athugasemdir við breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Jafnframt munu þeir beita sér fyrir því að unnið verði að framgangi kjarasamninga um kauptryggingar sem byggja á ofangreindum lögum."

Þá leggur félagsmálaráðherra til við félagsmálanefnd, að eftirfarandi breyting verði gerð á a lið 1. gr. frumvarpsins:

Að í stað orðanna "eða aðrar ófyrirsjáanlegar ástæður" komi "eða aðrar viðlíka ástæður".

Breytingartillaga þessi hefur jafnframt verið kynnt ofangreindum aðilum, sem gera ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst;

Hermann Sæmundsson